

Ár 2009, mánudaginn 27. júlí er dómþing áfrýjunardómstóls KSÍ háð á skrifstofu Guðmundur Péturssonar hrl. Borgartúni 33, Reykjavík, af Guðmundi Péturssyni, Jóhannesi Albert Sævarssyni og Guðmundi Þórðarsyni.

Fyrir er tekið:
Mál nr. 1/2009
Knattspyrnudeild Keflavíkur
gegn
Knattspyrnudeild ÍR

Í málinu er kveðinn upp svofelldur

dómur

I

Mál þetta dæma Guðmundur Pétursson, Guðmundur Þórðarson og Jóhannes Albert Sævarsson.

Hinn áfrýjaða úrskurð kvað aga - og úrskurðarnefnd KSÍ upp þann 30. júní sl.

Úrskurðarorð hins áfrýjaða úrskurðar er svohljóðandi:

“Úrslit í leik ÍR og Keflavíkur í Íslandsmóti kvenna meistaraflokki, Pepsi deild, sem fram fór 29. maí sl. skulu standa óbreytt þ.e. 2 – 1 ÍR í vil.“

Áfrýjandi krefst þess að hinum áfrýjaða úrskurði verði hnekkð og honum dæmdur 3 – 0 sigur í hinum umdeilda leik þar sem kærði ÍR hafi telt fram ólöglegu liði.

Stefndi vísar í greinargerð sinni til áfrýjunardómstólsins til greinargerðar sinnar til aga og úrskurðarnefndar KSI varðandi kröfur og málsástæður, en þar krafðist hann aðallega frávísunar málsins, en til vara að úrslit umrædds leiks stæðu.

II

Um málavexti vísast til hins kærða úrskurðar.

III

Áfrýjandi byggir kröfu sína á því að kærði hafi í umræddum leik telt fram ólöglegu liði, þar sem mistök urðu við gerð leikskýrslu og var leikmaður nr. 28 Ana Rita Andrede Gomes skráð þátttakandi í leiknum í stað leikmanns nr. 25 Önu Ritu Moreira Carneiro. Þegar þessi mistök uppgötvuðust voru þau leiðrétt í samráði við eftirlitsmann KSÍ á leiknum Þórarinn D. Gunnarsson og rétt leikskýrsla lögð fram í hálfleik.

Óumdeilt er að báðir ofangreindir leikmenn höfðu leikheimild með kærða og hvorugur þeirra var í leikbanni þannig að þátttaka þeirra í leiknum var heimil.

Ekki verður fallist á það með áfrýjanda að þau mistök sem þarna urðu við gerð leikskýrslu leiði til þess að litið verði svo á að kærði hafi telft fram ólöglegum leikmanni.

Í þessu felst að dómurinn hafnar kröfum áfrýjanda í máli þessu og telur rétt að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð .

Dómsorð

Hinn áfrýjaði úrskurður skal óraskaður.

Guðmundur Pétursson

Guðmundur Þórðarson

Jóhannes Albert Sævarsson